

HÚSÖNDIN

54.tbl. 2.árg.
13.mars.2019

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 14.-20.MARS

15.3 *Elvar Goði Yngvason*

17.3 *Arnþrúður Anna Jónsdóttir, Skarphédinn Reynir Jónsson*

19.3 *Steingrímur Örn Kristjánsson, Katla Böðvarsdóttir*

20.3 *Hulda Hrund Sigmundsdóttir*



Umsagnir óskast um Jafnréttisáætlun Skútustaðahrepps

Stýrihópur hefur undanfarna mánuði unnið að nýrri Jafnréttisáætlun Skútustaðahrepps. Markmið jafnréttisáætlunarinnar er að stuðla að jafnri stöðu kvenna og karla í Skútustaðahreppi og jöfnum möguleika kynjanna til að nýta sér það lagalega jafnrétti sem er til staðar.

Stýrihópurinn hefur ákveðið að þess drög fari til umsagnar íbúa Skútustaðahrepps áður en Jafnréttisáætlunin verður tekinn til endanlegrar afgreiðslu af velferðar- og menningarmálanefnd og sveitarstjórn. **Drögin eru aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins.**

Þeir sem vilja koma ábendingum og/eða athugasemdum á framfæri um Jafnréttisáætlunina eru beðnir að senda tölvupóst á netfangið **thorsteinn@skutustaðahreppur.is** í síðasta lagi fimmtudaginn **21. mars n.k.**

SÍÐUSTU SÝNINGAR!

Brúðkaup! á Breiðumýri

Gaman-drama með tónlist og tilheyrandi

Höfundur: Guðmundur Ólafsson - Leikstjóri: Vala Fannell –
Tónlistarstjóri: Jaan Alavere

Það er í gangi Brilljant brúðkaup á Breiðumýri! – næstu sýningar eru sem hér segir:

12. sýning - föstudaginn 15. mars kl. 20:30. - Nokkrir miðar lausir.
13. sýning - laugardaginn 16. mars kl. 16:00 - Uppselt.
14. sýning - sunnudaginn 17. mars kl. 20:30.
15. sýning - föstudaginn 22. mars kl. 20:30.
16. sýning - sunnudaginn 24. mars kl. 20:30.
17. sýning - laugardaginn 30. mars kl. 16:00. Nokkrir miðar lausir.
18. sýning - Sunnudaginn 31. mars kl. 20:30. Lokasýning og jafnframt styrktarsýning fyrir Arnar Frey Ólafsson.

Miðaverð:

Fullorðnir kr. 3000.-

Börn 16 ára og yngri kr. 2200.-

Eldri borgarar og öryrkjar kr. 2700,-

Félögum í Framsýn, Þingiðn og Starfsmannafélagi Húsavíkur gefst kostur á að fá afsláttarmiða hjá sínum félögum áður en þeir fara á leiksýningu og fá miðann á 2000 kr.

Dalakofinn verður með leikhúsmatseðil fyrir hópa (lágmark 6 manns) lambasteik og meðlæti, og kaffi og köku í eftirrét á kr. 3900.- Einnig býður Dalakofinn 15% afslátt af matseðli fyrir leikhúsgesti.

Að venju verður Kvenfélag Reykdæla með kaffi- og vöfflusölu á sýningum.



Vegna tæknilegra mistaka fylgdi myndin af afhendingu Snagans ekki með í síðustu Húsönd en hér er Sigfús á Bjargi með gripinn. Það verður mjög spennandi að sjá hver úrslitin verða í mars því samkeppnin er afar hörð!

Kær kveðja úr Jarðböðunum



DALAKOFINN

- Kótelettukvöld -

Kótelettukvöld Dalakofans verður haldið laugard. 23. mars 2019 kl 20. Kóteletturnar eru sérvaldar og þykkar að hætti Kótelettufélags Íslands og verða bornar fram með brúnuðum kartöflum, grænum baunum, heimagerðu rauðkáli og rabarbarasultu. Í eftirrætt verður ís og kokteílávextir. Miðaverð er 5.000 kr. og síðasti skráningardagur er mánud. 18. mars. Hægt að skrá sig í síma 464-3344 eða á netfangið dalakofinn@dalakofinn.is

Á heimasíðu Dalakofans dalakofinn.is eru upplýsingar um opnunartíma, matseðil veitingarstaðarins og margt fleira.

Verið ávallt velkomin
Dalakofinn Laugum. dalakofinn.is
s. 464-3344

Ylur

Leikskólakennari eða aðili með sambærilega menntun óskast við leikskólann Yl í Mývatnssveit hið fyrsta. Um er að ræða 100% stöðu. Umsóknarfrestur er til 29. mars. Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um.

Menntunar og hæfniskröfur

- Leyfisbréf leikskólakennara eða menntun sem nýtist í starfi
- Frumkvæði, sjálfstæði og fagleg vinnubrögð
- Góð færni í samvinnu, samskiptum og teymisvinnu
- Áhugi á starfi með börnum skilyrði
- Áhugi á starfsþróun og nýjum fjölbreyttum áherslum í skólastarfi
- Jákvæðni og sveigjanleiki

Einnig vantar starfsmann í 100% stöðu strax. Menntun æskileg en ekki skylda.

Leikskólinn Ylur er með 32 börn. Stefna leikskólans er Lífsleikni sem byggir á dygðakennslu. Verið er að hefja innleiðingu á Heilsueflandi leikskóla, Jákvæðum aga og Karellen leikskólakerfinu svo eitthvað sé nefnt. Mikil uppbygging í gangi og skemmtileg verkefni framundan.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Helga Jónsdóttir leikskólastjóri í síma 8219404. Upplýsingar um launakjör eru veittar á skrifstofu Skútustaðahrepps. Skila þarf umsóknum ásamt ferilskrá á netfangið **ingibjorg@skutustadahreppur.is** eða leggja inn starfsúmsókn á heimasíðu leikskólans: ylur.leikskolinn.is undir flípanum upplýsingar.





Umsagnir óskast um Umferðaröryggisáætlun Skútustaðahrepps

Stýrihópur hefur undanfarna mánuði unnið að gerð umferðaröryggisáætlunar fyrir Skútustaðahrepps.

Umferðaröryggisáætlunin miðar að því að auka vitund um umferðaröryggismál meðal forráðamanna sveitarfélaga og almennings. Í því felst að greina stöðuna, finna slysastaði, setja sér markmið og gera aðgerðaráætlun. Haldinn var íbúafundur og stýrihópurinn hefur nú tekið saman fyrstu drög að Umferðaröryggisáætlun.

Stýrihópurinn hefur ákveðið að þess drög fari til umsagnar íbúa Skútustaðahrepps áður en Umferðaröryggisáætlunin verður tekinn til endanlegrar afgreiðslu af sveitarstjórn. **Drögin eru aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins.**

Þeir sem vilja koma ábendingum og/eða athugasemdum á framfæri um Umferðaröryggisáætlunina eru beðnir að senda tölvupóst á netfangið **thorsteinn@skutustadahreppur.is** í síðasta lagi fimmtudaginn **21. mars n.k.**







SÝNIR

BARPAR



Höfundur
Jim Cartwright

Leikstjóri
Vala Fannell

Næstu sýningar:

Fullt verð 3.000
börn/afsl. 2.000

Föstud. 15. mars kl.20:00

Laugard. 16. mars kl.16:00

Föstud. 22. mars kl.20:00

Laugard. 23. mars kl.16:00

Miðapantanir:

www.leikfelagid.is

midi@leikfelagid.is

eða í síma 464 1129

(2 tíma fyrir sýningar)

Félagsmenn Framsýnar, Þingiðnar og Starfsmannafélags Húsavíkur þurfa að framvísa afsláttarmiðum frá sínum félögum fyrir leiksýningu til að njóta afsláttar.



Menningarfélagið Gjallandi

Aðalfundur verður haldinn 10.apríl klukkan 20:00

Venjuleg aðalfundarstörf og líflegar umræður um menningarstarf í
Mývatnssveit.

Hvetjum sem flesta til að mæta og taka þátt í starfinu með okkur.

Nánar auglýst síðar.

kær kveðja,

Stjórn Gjallanda



Gríptu boltann!

Framleiðnisjóður landbúnaðarins og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins standa í marsmánuði fyrir fundaherferð með það markmið að hvetja til nýsköpunar í sveitum.

Aðalfyrirlesari fundanna er Guðmundur Guðmundsson, landsliðsþjálfari í handbolta og mun hann flytja erindi sem ber nafnið: „Leiðin til sigurs“. Erindið fjallar um árangursríka markmiðasetningu og hvað þarf til að ná framúrskarandi árangri. Fjallað er um uppbyggingu liðsheildar, samskipti og innleiðingu breytinga.

Að auki verða fengnir til leiks reynsluboltar í sölu vöru og þjónustu beint frá býli, sem munu miðla af reynslu sinni varðandi vöruþróun og markaðssetningu.

Þá verður erindi frá ráðunautum RML varðandi ýmsa sjóði sem hægt er að sækja styrki í, ásamt umfjöllun um hvernig umsóknarferlið fer fram.

19. mars kl 13:00 Ýdalir í Aðaldal

19. mars kl 20:00 Svalbarðsskóli, Þistilfirði

20. Mars kl 13:00 Valaskjálfi, Egilsstöðum

20. Mars kl 20:00 Hótel Bláfell, Breiðdalsvík

21. mars kl. 13:00 Hótel Smyrlabjörg, Suðursveit

21. Mars kl 20:00 Hótel Kirkjubæjarklaustur

Fundirnir verða öllum opnir og eru sem flestir hvattir til að mæta.